

10 GÓÐ SKÍÐARÁÐ



Mæta snemma í brekkurnar

Brekkurnar eru bestar á morgnana og þá er færri fólk í fjallinu. Þegar líður á daginn myndast oft hólar og færrið verður erfiðara

Skíða í troðaraförum

Það jafnast ekkert á við að vera fyrstur í fjallið og skíða í troðaraförum



Velja brekkur við hæfi

Ef þú ert byrjandi haltu þig þá í bláu brekkunum og færðu þig svo yfir í erfiðari brekkur (rauðar og svartar) þegar hæfnin eykst

Flakkað um skíðasvæði

Skoðið kort af skíðasvæðinu og finnið leiðir þar sem hægt er að ferðast innan skíðasvæðis með því að fara aldrei tvisvar í sömu lyftuna. Líka gaman að fara á nýtt skíðasvæði á hverjum degi



Eiga góða skíðaskó

Ef þú ert að koma þér upp skíðagræjum, byrjaðu þá á að fá þér góða skíðaskó sem passa vel á þig. Alltaf hægt að leigja skíðin og þá er líka minni farangur í fluginu

Prófa nýja rétti á veitingastöðum

Flestir veitingastaðir í fjallinu bjóða upp á hefðbunda Austurríska rétti eins og Gulaschsuppe, Wiener Schnitzel, Kaiserschmarrn, Käsespätzle, Germknödel, Apfelstrudel og Tyroler Gröstl



Apré Ski

Eftir góðan skíðadag er ómissandi að setjast niður og frá sér drykk á Apré ski í bænum eða neðst á skíðasvæðinu

Sauna

Að slaka á í sauna að loknum skíðadegi er ómissandi



Vera í góðu formi

Mjög gott að vera búinn að koma sér í gott form fyrir skíðaferð til að koma í veg fyrir harðsperrur og strengi eftir fyrstu dagana. Hnébeygjur og jafnvægisæfingar er góður undirbúningur

Njóta

Þú ert í frí!

Skíðaferðir snúast ekki um tækni eða hraða, heldur að njóta með vinum eða fjölskyldu. Njótið fjallanna, útsýnisins og samverunnar

